



Auglýsing um skipulag - Akraneskaupstaður

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017. Akraneshöfn

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 2. ágúst 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2005-2017 skv. 31. gr. sbr. 1. mgr. skipulagslaga nr. 123/2010, vegna Akraneshafnar. Breytingin felst m.a. í endurbyggingu og lengingu Aðalhafnargarðs. Hafnargarður Skarfatangahafnar er felldur út úr aðalskipulagi nú. Breyting á deiliskipulagi Akraneshafnar er auglýst samhliða.

Akraneshöfn aðalhafnargarður – Tillaga að breytingu. Deiliskipulag Akraneshafnar

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 2. ágúst 2018 að auglýsa tillögu að breytingu deiliskipulagi Akraneshafnar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Akraneshafnar.

Skipulagsvæðið nær til hluta aðalhafnargarðs og felst m.a. í lengingu brimvarnargarðs, endurnýjun á eldri bryggju og öldudeyfingu á milli aðalhafnargarðs og bátabryggju.

Tillagan verður til kynningar í þjónustuveri kaupstaðarins að Stillholti 16-18, Akranesi og á heimasíðu Akraneskaupstaðar, www.akranes.is frá og með 18. október til og með 30. nóvember 2018. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og atugasemdum við tillöguna þarf að skila skriflega eigi síðar en 30. nóvember 2018 í þjónustuver Akraneskaupstaðar eða á netfangið skipulag@akranes.is

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

